

**Mál nr. 90/2022****Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging sjómanna.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Slys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 9.mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 7. október 2020 orðið fyrir slysi þegar hann var ásamt samstarfsmanni að lyfta kælipressu um borð í skipi X. Slysið hafi orðið með þeim hætti að samstarfsmaðurinn hafi misst takið þegar þeir voru að lyfta kælipressunni og við það hafi M fengið slynk á sig með þeim afleiðingum að hann hafi fengið verk í mjóbak og hné. M hafi 20 dögum eftir atvikið farið í meðferð til sjúkraþjálfara og farið til heimilislæknis. M telur að fyrirliggjandi skýrsla sjúkraþjálfara og læknisfræðileg gögn séu í samræmi og að með þeim sé sýnt fram á orsakatengsl milli varanlegs líkamstjóns hans og slyssins.

V hafnaði bótaskyldu á grundvelli þess að M hafi ekki orðið fyrir slysi í skilningi skilmála tryggingarinnar þar sem tjón hans hafi ekki orðið vegna utanaðkomandi atburðar. Að mati V verða meiðsl M ekki rakin til utanaðkomandi atburðar heldur sé um innri meiðsl að ræða sem rakin verða til rangrar beitingar og/eða ofreynslu og álags. Og jafnvel þótt svo yrði talið að um slys væri að ræða þá sé ekki orsakatengsl milli slyssins og þeirra einkenna sem hann rekur til þess. Því til stuðnings vísar V til þess að engin læknisfræðileg gögn bendi til þess að um vinnuslys hafi verið að ræða sem hafi valdið meiðslum M. V telur skýrslu sjúkraþjálfara ekki hafa sönnunargildi um tjónsatvikið og ekki sé minnst á slys í fyrstu komum til læknis eftir að atvikið átti sér stað.

**Álit.**

Ágreiningur málsaðila snýst um það hvort M eigi rétt á bótum úr slysáttryggingu sjómanna sökum þeirra einkenna sem hann telur sig hafa fengið við að lyfta kælipressu um borð í skipi X.

Í fyrsta lagi kemur til skoðunar hvort atvikið teljist slys í skilningi 1. gr. váttryggingarskilmálanna. Með orðinu slys í skilmálunum er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist sannanlega án vilja hans. Í tilkynningu um slysið á M til Sjúkratrygginga Íslands og V staðfestir X að slysið hafi átt sér stað með þeim hætti sem lýst er er í málskotinu. Í tilkynningunni er lýsing á atvikinu og kemur fram að samstarfsmaðurinn missti smá takið og M hafi fengið hnykk í bakið og fótinn og daginn eftir hafi M fundið verulega til í baki og hné. Þá eru tilgreindir tveir sjónarvottar að atvikinu. Með vísan til þess að vinnuveitandi sjálfur lýsir atvikum á þá leið að einkenni M sé að rekja til þess að samstarfsmaður M hafi misst takið á kælipressunni auk þess sem það eru tilgreind vitni að atvikinu þykir rétt að leggja þá lýsingu til hliðsjónar í málinu. Með vísan til þess þykir ljóst að um utanaðkomandi atburð er að ræða og sem olli meiðslum á líkama M og því um slys að ræða í skilningi váttryggingarskilmálanna.

Í öðru lagi kemur til skoðunar hvort það séu orsakatengsl milli slyssins og einkenna M eftir það. Það er rakið í tilkynningu X til V og Sjúkratrygginga Íslands að M hafi fundið verulega til í baki og hné. Þá liggur fyrir að M leitaði til sjúkraþjálfara 20 dögum eftir slysið og var þar í meðferð um nokkurt tímabil. Í vottorði sjúkraþjálfarans kemur fram að M hafi leitað þangað vegna stoðkerfisverkja sem raktir eru til vinnuslyss nokkru áður. Þá liggur fyrir læknisvottorð þar sem fram kemur að M hafi haft samand við lækni rúmum þremur mánuðum eftir slysið og lýst verkjum í hnám og baki og hann hafi verið sendur í myndatöku sem leiddi í ljós meiðsli og í framhaldinu hafi M farið í aðgerð. Í læknisvottorði sem er gefið vegna afleiðinga slyssins 8. desember 2021 kemur fram að M hafi fengið í bakið og farið í sjúkraþjálfun. Einnig kemur fram að vinnuálag hafi verið á sjónum. Ekki er frekar fjallað um orsakasamband vinnuálagsins og þess að M fékk í bakið. Af gögnum málsins er ekki að sjá að meiðsl

M sé að rekja til annars en slyssins sem hann varð fyrir við að lyfta kælipressunni. Með vísan til þess teljast orsakatengsl milli slyssins og meiðsla M í baki og hnjám.  
Með vísan til alls framangreinds á M rétt á bótum að því marki sem sýnt er fram á tjón.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna X hjá V.

Reykjavík, 24. maí 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir